

# Kennsluáætlun



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

|               |                                              |
|---------------|----------------------------------------------|
| Áfangi:       | ÍSLE1UN05 – Grunnáfangi<br>Undanfari: enginn |
| Kennari:      | Steinunn I. Magnúsdóttir                     |
| Önn:          | Haust 2025                                   |
| Áætlun unnin: | Ágúst 2025                                   |

## Markmið (sjá einnig Aðalnámskrá framhaldsskóla):

### Þekkingarmarkmið:

*Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:*

- mismunandi lestraraðferðum og grunnhugtökum við textaumfjöllun
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli
- grundvallarreglum í ritun og tjáningu

### Leiknimarkmið:

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í:*

- lesa sér til gagns og gamans fjölbreytta texta
- beita mismunandi málsniði í tal- og ritmáli
- vinna stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar
- skrifa texta með skýrri og skipulegri framsetningu
- nota leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til lagfæringar eigin texta

### Hæfnimarkmið:

*Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- Auka leshraða sinn og bæta lesskilning
- Taka þátt í umræðum og rökræðum
- túlka og meta atburðarás og persónur í textum
- beita einföldum blæbrigðum í máli
- halda uppi samræðum og geta rökstutt eigin fullyrðingar
- semja stutta texta með viðeigandi málsniði

sem metið er með:

Leiðsagnarmati

|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |                                                                                                                       |     |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----|
| Námsefni:                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        | Sölvasaga unglings. Arnar Már Arngrímsson. 2015. Sögur útgáfa, Reykjavík                                              |     |
|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | Kröfur FSN til ritgerða og verkefnavinnu                                                                              |     |
|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | <a href="https://moodle.fsn.is/course/view.php?id=76">https://moodle.fsn.is/course/view.php?id=76</a>                 |     |
|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | Smásögur og ljóð eftir ýmsa höfunda (nánari upplýsingar hjá kennara)                                                  |     |
| <b>Námsmat:</b> Námsmat byggir á leiðsagnarmati þar sem nemandinn fær endurgjöf á það sem vel er gert ásamt ábendingum um það sem betur má fara. Við námsmatið er nýtt kennaramat, sjálfsmat og jafningjamat. Leitast er við að hafa námsmat sem fjölbreyttast til þess að sýna rétta mynd af þekkingu, leikni og hæfni nemenda. |                                                                                                                       |     |
| <u>Athugið að ekki eru öll verkefni metin til einkunnar.</u>                                                                                                                                                                                                                                                                     |                                                                                                                       |     |
| Prófseinkunn (20%):                                                                                                                                                                                                                                                                                                              | Tvö próf eða fleiri                                                                                                   | 20% |
| Verkefnaeinkunn (80%):                                                                                                                                                                                                                                                                                                           | Skrifleg og munnleg verkefni auk lokaverkefnis                                                                        | 80% |
|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | Athugið að 25% af einkunn allra ritunarverkefna byggist á rétttritun, málfari og frágangi (þ.m.t. merkingu verkefna). |     |
|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | Því er mjög mikilvægt að nýta ritbjargir.                                                                             |     |
| <b>Skipulag náms:</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |                                                                                                                       |     |
| Námstilhögun:                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |                                                                                                                       |     |
| Í áfanganum verður stuðst við kennsluumsjónarkerfið „Moodle“ en þar setur kennari öll fyrirsmæli og verkefni. Skriflegum verkefnum er skilað til kennara í gegnum kerfið, nema annað sé tekið fram. Umræður fara fram í tímum og þær teljast til verkefna á við skrifleg verkefni.                                               |                                                                                                                       |     |
| Nemendur lesa skáldsögu auk ýmissa texta og vinna margskonar ritunarverkefni. Auk þess fá nemendur þjálfun í framsögn. Kennari fylgist með framvindu nemenda við vinnu og gefur ýmist munnlega eða skriflega umsögn. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð.                                                                     |                                                                                                                       |     |
| Um skilafrest og vanskil:                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |                                                                                                                       |     |
| Nemandi í framhaldsskóla ber ábyrgð á eigin námi. Ákveðinn skiladagur er gefinn upp á öllum verkefnum. Það er því mjög mikilvægt að mæta í allar kannanir/próf og skila öllum verkefnum á réttum tíma. Einnig er mikilvægt að mæta í umræðutíma þar eð þátttaka í þeim eru metin sem hver önnur verkefnavinna.                   |                                                                                                                       |     |
| Ekki er tekið við verkefnum eftir auglýstan skilafrest. Mikil áhersla er lögð á rétttritun, málfar og frágang. Þess vegna er mikilvægt að lesa vel yfir verkefni fyrir skil og nýta tiltækar ritbjargir.                                                                                                                         |                                                                                                                       |     |

|                                                                                                                                                                                                                                |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Um próf:                                                                                                                                                                                                                       |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Í áfanganum er megináhersla á umræður og verkefnavinnu en þó geta verið margskonar próf, t.d. tímapróf, heimapróf, einstaklingspróf með eða án hjálpargagna og munnleg próf.</li> </ul> |

## Áætluð Yfirferð

| Kennsluvikur - Haustönn<br>2025            | Áætluð yfirferð                                                                                             | Skil á<br>verkefnum/kannanir    |
|--------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------|
| <b>Vika 34</b><br>17. - 23. ágúst          | <b>18. ágúst – Kennsla hefst</b><br>Farið yfir kennsluáætlun og<br>uppbyggingu áfangans.<br>Ritunarverkefni | Skil á ritun                    |
| <b>Vika 35</b><br>24. - 30. ágúst          | Ritunarverkefni                                                                                             | Skil á ritun                    |
| <b>Vika 36</b><br>31. ágúst – 6. september | Lestur – ritun - tjáning                                                                                    | Umræður og verkefni             |
| <b>Vika 37</b><br>7. - 13. september       | <b>Lestur hefst á Sölvasögu unglings</b>                                                                    | Umræður og verkefni             |
| <b>Vika 38</b><br>14. - 20. september      | <i>Sölvasaga unglings</i>                                                                                   | Umræður og verkefni             |
| <b>Vika 39</b><br>21. - 27. september      | <b>22. september – Námsmatsdagur</b><br><i>Sölvasaga unglings</i>                                           | Umræður og verkefni             |
| <b>Vika 40</b><br>28.sept. - 4. október    | <i>Sölvasaga unglings</i>                                                                                   | Umræður og verkefni             |
| <b>Vika 41</b><br>5. - 11. október         | <b>Valtímabil hefst</b><br><i>Sölvasaga unglings</i>                                                        | Umræður og verkefni             |
| <b>Vika 42</b><br>12. - 18. október        | <b>17. október – Námsmatsdagur</b><br><i>Sölvasaga unglings</i>                                             | Umræður og verkefni             |
| <b>Vika 43</b><br>19. – 25. október        | <b>20. - 21. október – Haustfrí</b><br>Undirbúningur fyrir lestrarkönnun                                    | Könnun úr Sölvasögu<br>unglings |

|                                             |                                                                                                     |                                      |
|---------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------|
| <b>Vika 44</b><br>26. október - 1. nóvember | <i>Lestur, ritun og tjáning</i>                                                                     | Umræður og verkefni úr völdum textum |
| <b>Vika 45</b><br>2. - 8. nóvember          | <b>7. nóvember – Námsmatsdagur</b><br><i>Lestur, ritun og tjáning</i>                               | Umræður og verkefni úr völdum textum |
| <b>Vika 46</b><br>9. - 15. nóvember         | <i>Lestur, ritun og tjáning</i>                                                                     | Umræður og verkefni úr völdum textum |
| <b>Vika 47</b><br>16. - 22. nóvember        | <i>Lestur, ritun og tjáning</i>                                                                     | Umræður og verkefni úr völdum textum |
| <b>Vika 48</b><br>23. - 29. nóvember        | <i>Lestur, ritun og tjáning</i>                                                                     | Umræður og verkefni úr völdum textum |
| <b>Vika 49</b><br>30. nóv. - 6. desember    | Lokaverkefni                                                                                        |                                      |
| <b>Vika 50</b><br>7. - 13. desember         | <b>11. desember – Síðasti kennsludagur haustannar</b><br><b>12. desember - Námsmatsdagur</b>        | Skil á lokaverkefni                  |
| <b>Vika 51</b><br>14. - 20. desember        | <b>Námsmatsdagar</b><br><br><b>18. desember – Einkunnabirting</b><br><b>19. desember – Útskrift</b> |                                      |
| <b>Vika 52</b><br>21. - 27. desember        | <b>JÓLAFRÍ</b>                                                                                      |                                      |

*Birt með fyrirvara um breytingar  
Steinunn*